

**AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA**

**ÁSLÁTTARHLJÓÐFÆRI**

**2003**

## Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár tónlistarskóla

### 1. gr.

Með vísan til 1. og 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá tónlistarskóla sem tekur gildi frá og með 1. júní 2000. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í tónlistarskólum frá og með skólaárinu 2000-2001 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt falla úr gildi eldri námskrár í tónlistargreinum.

### 2. gr.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er meðal annars gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám, og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Í bókarlok er umfjöllun um námsumhverfi og mat á skólastarfi. Almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár tónlistarskóla, sem gefnir eru út í níu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um viðfangsefni. Heftin bera þessi heiti:

Ásláttarhljóðfæri  
Einsöngur  
Gítar og harpa  
Hljómborðshljóðfæri  
Málmblasturshljóðfæri  
Rytísk tónlist  
Strokhljóðfæri  
Tónfræðagreinar  
Tréblasturshljóðfæri

Heftin eru gefin út af menntamálaráðuneytinu á árinu 2000 og dreift jafnóðum til tónlistarskóla.

Menntamálaráðuneytinu 31. maí 2000

  
Björn Bjarnason

  
Guðriður Sigurðardóttir

# ADALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

ÁSLÁTTARHLJÓÐFÆRI

2003

Menntamálaráðuneytið

# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	5
Ásláttarhljóðfæri .....	7
Nokkur atriði varðandi nám á ásláttarhljóðfæri .....	7
Grunnnám .....	8
Markmið í grunnnámi	
Verkefnalisti í grunnnámi	
Grunnpróf	
Miðnám .....	17
Markmið í miðnámi	
Verkefnalisti í miðnámi	
Miðpróf	
Framhaldsnám .....	26
Markmið í framhaldsnámi	
Verkefnalisti í framhaldsnámi	
Framhaldspróf	
Samleikur .....	36
Grunnnám	
Miðnám	
Framhaldsnám	
Bækur varðandi ásláttarhljóðfæri .....	38

Menntamálaráðuneytið: námskrár 30

Október 2003

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: ABX  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Myndskreytingar: ABX  
Prentun: Oddi hf.

© 2003 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-52-2



## FORMÁLI

Aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Í þessu riti er að finna greinanámskrá fyrir ásláttarhljóðfæri. Námskráin miðast við þá skipan tónlistarnáms sem mælt er fyrir um í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla skilgreind. Náminu er skipt í þrjá námsáfanga, grunnnám, miðnám og framhaldsnám, og lögð áhersla á samræmt námsmat við lok áfanganna. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði einstakra skóla, skapandi starf og samvinnu í skólastarfi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra tónlistarskóla og á milli skóla.

Almenn atriði varðandi námsþætti og námsmat er að finna í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er einnig að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Því er mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla vandlega.

Í almennum hluta aðalnámskrár er mælt til þess að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt í eigin skólanámskrám. Við þá námskrargerð er hverjum skóla ætlað að taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna sérhæfðum og staðbundnum markmiðum.

Í námskrá fyrir ásláttarhljóðfæri er að finna sértæk markmið fyrir grunnnám, miðnám og framhaldsnám, verkefnalista fyrir einstaka áfanga, umfjöllun um prófþætti og vægi þeirra, prófskýringar og dæmi um prófverkefni á áfangaprófum. Auk þess eru birtir listar með samleiksverkum og bókum varðandi ásláttarhljóðfæri.



## ÁSLÁTTARHLJÓÐFÆRI

Í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um nokkur atriði varðandi nám á ásláttarhljóðfæri. Þar á eftir fara kaflar um hvern hinna þriggja megináfanga námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Í þessum köflum eru fyrst tilgreind þau leikni- og skilningsmarkmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok hvers námsáfanga. Síðan eru birtir verkefnalistar með dæmum um viðfangsefni í hverjum námsáfanga. Á eftir verkefnalistunum er prófkröfum á áfangaprófum lýst með völdum dæmum og gerð grein fyrir flutningsmáta undirstöðuæfinga, tónstiga og hljóma. Í lok námskrárinnar er skrá með samleiksverkum auk ábendinga um gagnlegar bækur varðandi ásláttarhljóðfæri.

### Nokkur atriði varðandi nám á ásláttarhljóðfæri

Ásláttarhljóðfærafjölskyldan er gríðarlega stór. Til hennar telst aragrúi hljóðfæra víðs vegar að úr heiminum. Hljóðfærin eru af afar ólíkum stærðum og gerðum og krefjast mörg sérhæfðrar leiktækni. Fá hljóðfæri eiga sér eins langa sögu og ásláttarhljóðfærin. Þau hafa frá öndverðu verið burðarás í alþýðutónlist ólíkra heimshorna en jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki í klassískri tónlist um langa hríð. Þá hafa ásláttarhljóðfæri um áratuga skeið verið burðarás í rokk-, popp- og djasstónlist.

Námskrá þessi lýtur að námi í klassískum slagverksleik með áherslu á hefðbundin hljómsveitarhljóðfæri. Aftur á móti er fjallað um nám á trommusett í námskrá í rytmískri tónlist. Aðalhljóðfæri í grunnnámi á ásláttarhljóðfæri samkvæmt þessari námskrá eru sneriltromma og ásláttarhljómborð.<sup>1</sup> Nauðsynleg aukahljóðfæri eru bassatromma, symbalar, þríhorn og tambúrína. Auk þess er æskilegt að nemendur kynnist þákum ef aðstæður eru til. Aðalhljóðfæri í mið- og framhaldsnámi eru sneriltromma, ásláttarhljómborð og þákur en æskilegt er að nemendur kynnist auk þess sem flestum hljóðfærum þessarar litskrúðugu fjölskyldu eftir því sem tók eru á.

<sup>1</sup> Velja má á milli marimbu, vibrafóns og silófóns.

Til að nám geti hafist á ásláttarhljóðfæri þarf nemandi að hafa líkamlega burði til að valda auðveldlega trommukjuðum og hljómborðsleglum. Í flestum tilfellum geta 6 til 7 ára börn hafið nám á ásláttarhljóðfæri þó að algengara sé að nemendur hefji nám 8 til 9 ára eins og á flest önnur hljóðfæri. Nauðsynlegt er að þeir tónlistarskólar sem bjóða upp á kennslu á ásláttarhljóðfæri eigi þau hljóðfæri sem þörf er á samkvæmt námskrá og þeim námsstigum sem kennt er á. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að hljóðfærum til æfinga. Mikilvægt er að kennsluaðstaða sé góð og viðeigandi hjálparbúnaður til staðar fyrir yngstu nemendurna, svo sem pallar og smærri gerðir hljóðfæra.

Frá upphafi náms þarf nemandi að eiga sneriltrommu og æfingaplatta og fljótlega er nauðsynlegt að hafa undir höndum ásláttarhljómborð til heimaæfinga.

Í miðnámi þarf nemandi að hafa yfir að ráða ásláttarhljómborði með að lágmarki tveggja og hálfur áttundar tónsviði. Frá upphafi framhaldsnáms þurfa nemendur hins vegar að hafa yfir að ráða fjögurra áttunda ásláttarhljómborðshljóðfæri.

## Grunnnám

Almennt er miðað við að nemendur, sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi.

### Markmið í grunnnámi

Uppbygging kennslu í grunnnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok grunnnáms eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

#### Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu samkvæmt þessari námskrá
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á a.m.k. eitt ásláttarhljómborð; marimbu, víbrafón eða sílófón, samkvæmt þessari námskrá
- hafi þjálfast í leik á bassatrommu, symbala, þrihorn og tambúrinu
- hafi kynnst pákuleik ef tók eru á
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra
- ráði yfir viðeigandi dempunartækni hljómandi hljóðfæra
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum
- hafi kynnst leik á samþætt slagverk, þ.e. á mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verki í samræmi við kröfur þessarar námskrár
- hafi grundvallarskilning á hentugri uppstillingu og staðsetningu ásláttarhljóðfæra eftir aðstæðum hverju sinni
- skilji og geti fylgt algengustu bendingum hljómsveitarstjóra
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins

#### Nemandi

- hafi öðlast gott hrynskyn
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna



- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt þessari námskrá
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga og hljóma samkvæmt þessari námskrá
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt þessari námskrá

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um það bil þriggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Verkefnalisti í grunnnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í grunnnámi, annars vegar fyrir trommur og hins vegar fyrir ásláttarhljómborð. Listarnir eru alls ekki tæmandi og er þeim einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig verkefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni fyrir byrjendur til viðfangsefna sem henta við lok grunnnáms.

Hvor listi er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

### Kennslubækur og æfingar - trommur

FELDSTEIN, S. / BLACK, D. Alfred's beginning drumset method <i>Alfred</i> Alfred's drum method, 1. hefti <i>Alfred</i>	FINK, SIEGFRIED Percussion Studio, Studien für kleine Trommel, 1. og 2. hefti <i>Simrock</i>
--	--

FIRTH, VIC Snare Drum Method, 1. og 2. hefti <i>Carl Fischer</i>	GOLDENBERG, MORRIS Modern School for Snare Drum <i>Chappell</i>
HOCHRAINER, RICHARD Übungen für kleine Trommel <i>Doblinger</i>	KEUNE, ECKEHART Schlaginstrumente, Ein Schulwerk, Teil 1, Kleine Trommel <i>Deutscher Verlag für Musik</i>
PETERS, MITCHELL Elementary Snare Drum Studies <i>Mitchell Peters</i>	SCHINSTINE, WILLIAM J. Little Champ, First Year Drum Solos <i>Southern Music Company</i>

SKINNER, MICHAEL Guildhall School of Music & Drama - Percussion Syllabus: Snare Drum Rudiments <i>United Music Publishers</i> Guildhall School of Music & Drama, Rudiments for Snare Drum <i>United Music Publishers</i>	STONE, GEORGE LAWRENCE Stick Control for the Snare Drummer <i>George B. Stone &amp; Son, Inc.</i> Accents and Rebounds for the Snare Drummer <i>George B. Stone &amp; Son, Inc.</i>
WHALEY, GARWOOD Fundamental Studies for Snare Drum <i>J. R. Publications</i>	

### Tónverk og safnbækur - trommur

BARTLETT, K. / WILSHERE, B. / KENDLE, J. Trinity College, Percussion World, Snare Drum <i>United Music Publishers</i>	HATHWAY, K. / WRIGHT, I. Graded Music for Snare Drum, 1. og 2. hefti <i>Associated Board</i>
BLACK, D. / FELDSTEIN, S. Alfred's Beginning Snare Drum Solos <i>Alfred</i>	RICHARDS, J. / ARNOLD, D. Guildhall School of Music and Drama - Percussion Syllabus: Snare Drum Exercises and Pieces, Grades 1 & 2 <i>United Music Publishers</i> Guildhall School of Music and Drama - Percussion Syllabus: Snare Drum Exercises and Pieces, Grades 3 & 4 <i>United Music Publishers</i>
BUCHTEL, FORREST L. When johnny comes marching home <i>Kjos</i> American Patrol <i>Kjos</i>	

### Kennslubækur og æfingar - ásláttarhljómborð

BONA, PASQUALE Rhythmical Articulation <i>Carl Fischer</i>	GOLDENBERG, MORRIS Modern School for Xylophone, Marimba & Vibraphone <i>Chappell</i>
CIRONE, ANTHONY J. Simple Steps to Keyboard Percussion <i>Belwin Mills</i>	GREEN, GEORGE HAMILTON New Elementary Studies for Xylophone and Marimba <i>Meredith Music Publications</i>
DELÉCLUSE, JACQUES Méthode Complète de Vibraphone, 1. hefti <i>Leduc</i>	HATHWAY, K. / WRIGHT, I. Graded Music for Tuned Percussion, 1. og 2. hefti <i>Associated Board</i>



HERFURTH, C. PAUL A Tune a Day, Marimba, Xylophone, Bells <i>Boston Music Company</i>	REYNIR SIGURESSON Fyrstu slögin <i>Reynir Sigurðsson</i> Tóntegundir og létt lög, 1. stig <i>Reynir Sigurðsson</i> Tóntegundir og létt lög, 2. stig <i>Reynir Sigurðsson</i>
PAYSON, AL Elementary Marimba and Xylophone Method <i>Payson Percussion Products</i>	WHALEY, GARWOOD Primary Handbook for Mallets <i>Meredith Music Publications</i>
PETERS, MITCHELL Fundamental Method for Mallets <i>Alfred</i>	ÝMSIR Instruction Course for Xylophone <i>Meredith Music Publications</i>
PETERSON, HOWARD M. Elementary Method for Marimba or Xylophone <i>Rubank</i>	Tuned Percussion, Pieces and Scales, 1. og 2. hefti <i>Guildhall School of Music and Drama</i>

### Tónverk og safnbækur – ásláttarhljómborð

BARRATT, CAROL Bravo Percussion, 1. og 2. hefti [pianóundirleikur] <i>Boosey &amp; Hawkes</i>	HOULLIF, MURRAY Contest Solos for the Young Mallet Player <i>Kendor</i>
FELDSTEIN, SAUL Tunes for Mallet Percussion Technic <i>Belwin Mills</i> Water's Edge <i>Belwin Mills</i>	MCCORMICK, ROBERT Percussion for Musicians <i>Belwin Mills</i>
FELDSTEIN, SAUL (ÚTG.) Two Spirituals <i>Belwin Mills</i> When Johnny comes marching home <i>Belwin Mills</i>	PETERS, MITCHELL Chant for Marimba <i>Mitchell Peters</i>
FORBES, Y. / BALL, M. Percussive Perspectives <i>International Music Publications</i>	PRESTI, RONALD LO Scherzo for Xylophone <i>Ludwig Music</i>
	WIENER, RUUD Children's solos 1-5 <i>Rawi Percussion Publications</i>

### Grunnpróf

Við lok grunnnáms skulu nemendur þreyta grunnpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á grunnprófi í leik á ásláttarhljóðfæri skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu, þar af skal a.m.k. eitt viðfangsefni vera flutt á sneriltrommu og eitt á ásláttarhljómborð. Aðrir prófþættir eru undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi á ásláttarhljóðfæri fari ekki fram yfir 30 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

### Prófþættir eru þessir:

1. **Þrjú ólík verk** (15 einingar hvert).
2. **Æfing** (15 einingar).
3. **Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar** (15 einingar).
  - a) Undirstöðuæfingar.
  - b) Tónstigar og hljómar.
4. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Spinni einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks.
  - b) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - c) Hljómsetji stutta laglínuna óundirbúið.
  - d) Leiki stutt alþýðulag eða þjóðlag sem lært hefur verið eftir eyra.
5. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
  - a) Viðfangsefni á sneriltrommu.
  - b) Viðfangsefni á ásláttarhljómborð.
6. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43.

Á grunnprófi er heimilt að leika eitt verk fyrir samþætt slagverk (skv. prófþætti 1) í samræmi við kröfur þessarar námskrár. Einnig er heimilt að leika eitt verk (skv. prófþætti 1) eða æfingu (skv. prófþætti 2) á trommusett samkvæmt grunnprófskröfum námskrár í rytmískri tónlist í stað eins viðfangsefnis samkvæmt prófþætti 1. Eftir sem áður gilda

framangreindar kröfur um að á grunnprófi leiki allir nemendur bæði á sneriltrommu og ásláttarhljómborð.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á grunnprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um leikmáta þeirra undirstöðuæfinga, tónstiga og hljóma sem krafist er til prófs.

### Tónverk og æfingar

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á grunnprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

#### Dæmi um tónverk – trommur

GOLDENBERG, MORRIS Roll exercise in 4/4 Úr: Modern School for Snare Drum, bls. 46 <i>Chappell</i>	NESTICO, S. / BRISKER, G. Winter Poem Úr: Feldstein, S./Black, D.: Alfred's beginning drumset method, bls. 30 <i>Alfred</i>
PETERS, MITCHELL Æfing nr. 78 Úr: Elementary Snare Drum Studies <i>Mitchell Peters</i>	WHALEY, GARWOOD Nr. 76 Úr: Fundamental Studies for Snare Drum <i>J. R. Publications</i>

#### Dæmi um tónverk – ásláttarhljómborð

URPILA, SUÐUR-AMERÍSKT ÞJÓÐLAG Úr: Tuned Percussion, Pieces and Scales, 2. hefti <i>Guildhall School of Music and Drama</i>	WIENER, RUUD Solo nr. 5 Úr: Children's solos 1-5 <i>Rawi Percussion Publications</i>
HUMMEL, JOHANN N. Giga í D-dúr Úr: Hathway, K. / Wright, I.: Graded Music for Tuned Percussion, 2. hefti <i>Associated Board</i>	BACH, J. S. Gavotte Úr: Cirone, Anthony, J.: Simple Steps to Keyboard Percussion, bls. 39 <i>Belwin Mills</i>

#### Dæmi um æfingar – trommur

Solo nr. 20 Úr: Feldstein, S./Black, D.: Alfred's drum method, 1. hefti, bls. 66 <i>Alfred</i>	Allegro nr. 28 Úr: Hochreiner, Richard: Übungen für kleine Trommel <i>Doblinger</i>
--	---

#### Dæmi um æfingar – ásláttarhljómborð

PETERS, MITCHELL Æfing nr. 2, moderato, bls. 54 Úr: Fundamental Method for Mallets <i>Alfred</i>	BONA, PASQUALE Largo, nr. 75 Úr: Rhythmical Articulation <i>Carl Fischer</i>
---	---

### Undirstöðuæfingar

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar fyrir sneriltrommu með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þær æfingar sem leiknar eru.

#### Efni, leikmáti og hraði

Nemandi leiki

- einslagsþyrl (single stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- tvíslagsþyrl (double stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
- drag (drag) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
- þrefalt forslag (ruff) eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
- fimm slaga þyrl (five stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttsnótur
- sjö slaga þyrl (seven stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 76, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttspriólur
- níu slaga þyrl (nine stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 96, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttsnótur
- lokað þyrl (bounce/orchestral roll)

### Tónstigar og hljómar

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

**Efni**

Nemandi geti leikið

- krómatiskan tónstiga
- dúrtónstiga og laghæfa molltónstiga til og með tveimur formerkjum
- þríhljóma í dúr og moll til og með tveimur formerkjum

**Leikmáti og hraði**

Nemandi leiki

- tónstiga og hljóma a.m.k. eina áttund upp frá grunntóni og niður aftur
- tónstiga og hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar

Dæmi

Krómatiskur tónstigi frá c'



D-dúr



a-moll, laghæfur



B-dúr þríhljómur



e-moll þríhljómur

**Óundirbúinn nótalestur**

Á grunnprófi á ásláttarhljóðfæri er þessi prófþáttur tvískiptur, annars vegar skal nemandi leika eitt lestrardæmi á sneriltrommu og hins vegar eitt dæmi á ásláttarhljómborð. Fyrir hvort dæmi fær nemandi einnar mínútu undirbúningstíma í hljóði og skal síðan flytja lestrardæmið einu sinni. Nánari umfjöllun um óundirbúinn nótalestur er að finna á bls. 44 í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

**Miðnám**

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

**Markmið í miðnámi**

Uppbygging kennslu í miðnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangs-efni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok miðnáms eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu samkvæmt þessari námskrá

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á a.m.k. eitt eftirtalinna ásláttarhljómborða: marimbu, víbrafón eða sílófón, samkvæmt þessari námskrá
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á pákur samkvæmt þessari námskrá
- hafi hlotið þjálfun í leik á bassatrommu, symbala, þrihorn og tambúrinu
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig
- hafi góð tök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra
- ráði yfir viðeigandi dempunartækni hljómandi hljóðfæra
- leiki með greinilegum styrkleikabreytingum
- kunni vel skil á mismunandi sleglum, þ.m.t. ólíkum stærðum, efnisgerðum og áhrifum þeirra
- hafi kynnst leik á ásláttarhljómborð með fjórum sleglum samtímis
- hafi þjálfast í flutningi verka fyrir samþætt slagverk, þ.e. mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verki
- hafi hlotið þjálfun í að velja viðeigandi hljóðfæri eftir viðfangsefnum, samhengi og fyrirmælum
- hafi góðan skilning á hentugri uppstillingu og staðsetningu ásláttarhljóðfæra eftir aðstæðum hverju sinni
- geti stillt pákur hjálparlaust
- hafi hlotið þjálfun í stillingu hljóðfæra án ákveðins tóns<sup>2</sup>
- hafi kynnst algengasta viðhaldi ásláttarhljóðfæra, svo sem að skipta um skinn á trommum
- skilji og geti fylgt bendingum hljómsveitarstjóra
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins

Nemandi

- hafi öðlast mjög gott hrynskyn
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar

- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik, þ.m.t. slagverkssamspili og blásarsveit
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt miðnámskafla þessarar námskrár
- hafi aukið leikni sína í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt grunnnámskafla þessarar námskrár
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga og hljóma samkvæmt þessari námskrá
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt þessari námskrá

Nemandi hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:

- leik eftir eyra
- tónsköpun
- spuna

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir sjö til átta ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Verkefnalisti í miðnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í miðnámi, annars vegar fyrir trommur, pákur og annað slagverk en hins vegar fyrir ásláttarhljómborð. Listarnir eru alls ekki tæmandi og er þeim einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf miðnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

<sup>2</sup> Þ.e. „non pitch“

Hvor listi er tvískiptur: annars vegar kennslubækur og æfingar, hins vegar tónverk og safnbækur. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfangi. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfangi.

### Kennslubækur og æfingar - trommur, pákur og annað slagverk

- |   |  |
|---|--|
| BUGGERT, R. W.<br>Thundering through<br><i>Rubank</i><br>Up to date<br><i>Belwin Mills</i>                                | MORELLO, JOE<br>Master Studies<br><i>Modern Drummer Publications, Inc.</i>   |
| CHAFFEE, GARY<br>The independent drummer<br><i>Alfred</i>   | PETERS, MITCHELL<br>Fundamental Method for Timpani<br><i>Alfred</i><br>Intermediate Snare Drum Studies<br><i>Mitchell Peters</i> |
| FINK, SIEGFRIED<br>Percussion Studio, Studien für<br>kleine Trommel, 2. hefti<br><i>Simrock</i>                           | ROTHMAN, JOEL<br>Mixing Meters<br><i>J. R. Publications</i>  |
| FIRTH, VIC<br>Snare Drum Method, 2. hefti<br><i>Carl Fischer</i>  | SCHINSTINE, W. / HOEY, F.<br>Intermediate Drum Book<br><i>Southern Music Company</i>   |
| GOLDENBERG, MORRIS<br>Modern School for Snare Drum<br><i>Chappell</i>   | SULSBRUCK, BIRGER<br>Latin American Percussion<br>[einnig myndband]<br><i>Den Rytmske Aftenskoles Forlag</i>                     |
| GOODMAN, SAUL<br>Modern Method for Timpani,<br>fyrri hluti<br><i>Mills Music</i>  | WHALEY, GARWOOD<br>Musical Studies for the<br>Intermediate Snare Drummer<br><i>J. R. Publications</i>                            |
| HOCHREINER, RICHARD<br>Etüden für Timpani, 1. hefti<br><i>Doblinger</i><br>Übungen für kleine Trommel<br><i>Doblinger</i> | WHALEY, G. / MOONEY, J. M.<br>Rhythmic Patterns of Contemporary<br>Music<br><i>J. R. Publications</i>                            |
| KNAUER, HEINRICH<br>Praktische Schule für kleine<br>Trommel<br><i>VEB Friedrich Hofmeister<br/>Musikverlag</i>            | WILCOXON, CHAS. S.<br>Modern Rudimental Swing Solos<br>for the Advanced Drummer<br><i>Chas. S. Wilcoxon</i>                      |
| KEUNE, ECKEHARDT<br>Kleine Trommel<br><i>VEB Deutscher Verlag für Musik</i>   | ÝMSIR<br>Nard Drum Solos<br><i>Ludwig Drum Co.</i>   |

### Tónverk og safnbækur - trommur, pákur og annað slagverk

- |  |  |
|--|--|
| BLACK, D. / FELDSTEIN, S.<br>Alfred's Intermediate Snare Drum<br>Solos<br><i>Alfred</i>                | PRICE, PAUL<br>Exhibition Snare Drum Solo no. 1<br><i>Music for Percussion Inc.</i>  |
| GOLDENBERG, MORRIS<br>Studies in Solo Percussion, fyrri hluti<br><i>Chappell</i>                       | SHINSTINE, WILLIAM J.<br>Southern Special Drum Solos<br><i>Southern Music Company</i>  |
| HATHAWAY, K. / WRIGHT, I.<br>Graded Music for Snare Drum,<br>2. og 3. hefti<br><i>Associated Board</i> | WANAMAKER, JAY<br>Alfred's Rudimental Contest Solos<br>for the Intermediate Snare Drummer<br><i>Alfred</i><br>Championship Corps Style<br>Contest Solos for Intermediate/<br>Advanced Snare Drummer<br><i>Alfred</i> |
| HESLIP, GERALD<br>Roxy<br><i>Kendor Music</i><br>Board Walk<br><i>Kendor Music</i>                     | WHALEY, GARWOOD<br>Audition Etudes for Snare Drum,<br>Timpani, Keyboard Percussion and<br>Multiple Percussion<br><i>Meredith Music Publications</i>  |
| MCCORMICK, ROBERT<br>Percussion for Musicians<br><i>Belwin Mills</i>                                   | WRIGHT, IAN:<br>Graded Music for Timpani, 2. hefti<br><i>Associated Board</i>  |
| O'REILLY, JOHN<br>Solos for the Percussion Player<br><i>Schirmer</i>                                   |  |

### Kennslubækur og æfingar - ásláttarhljómborð

- |  |  |
|--|--|
| BONA, PASQUALE<br>Rhythmical Articulation<br><i>Carl Fischer</i>   | HOLMGREN, MARJ<br>Developing 4 mallet Technique<br><i>Studio 4 Productions</i>                         |
| CIRONE, ANTHONY J.<br>The Orchestral Mallet Player<br><i>Belwin Mills</i>  | JOLLIFF, ART<br>Intermediate Method Marimba,<br>Xylophone, Vibraphone<br><i>Rubank</i>                 |
| FRIEDMAN, DAVID<br>Vibraphone Technique<br><i>Berklee Press Publications</i>   | PAYSON, AL<br>Elementary Marimba and Xylophone<br>Method<br><i>Payson Perc. Products</i>               |
| GOLDENBERG, MORRIS<br>Modern School for Marimba,<br>Xylophone, Vibes<br><i>Chappell</i>  | PETERS, MITCHELL<br>Fundamental Method for Mallets<br><i>Alfred</i>                                    |
| GREEN, GEORGE HAMILTON<br>Instruction Course for Xylophone<br><i>Meredith Music Publications</i><br>New Series of Individual<br>Instruction Courses for<br>Marimba and Xylophone<br><i>Meredith Music Publications</i> | STEVENS, LEIGH HOWARD<br>Method of Movement for Marimba<br><i>Keyboard Perc. Publications</i>          |
|  | STOUT, GORDON B.<br>Ideo-Kinetics, A Workbook for<br>Marimba Technique<br><i>M. Baker Publications</i> |



### Tónverk og safnbækur – ásláttarhljómborð

BARRATT, CAROL Bravo Percussion, 2. hefti <i>Boosey &amp; Hawkes</i>	PETERS, MITCHELL 3 Pieces for 3 Mallets <i>Mitchell Peters</i> Sonata-Allegro [marimba + pianó] <i>Mitchell Peters</i>
FORBES, Y. / HATWAY, K. Percussive Perspectives <i>International Music Publications Ltd.</i>	TANNER, PETER Andante for Marimba and Piano <i>Music for Percussion Inc.</i>
GASTYNE, SERGE DE Menuet très Antique [einleiksverk fyrir vibrafón] <i>Fereol Publ.</i>	WIENER, RUUD Children's Solos 6-10 [vibrafón/marimba] <i>Rawi</i> Children's Duets 1-5 [sem einleiksverk – vibrafón/marimba] <i>Rawi</i>
HATWAY, K. / WRIGHT, I. Graded Music for Tuned Percussion, 1. og 2. hefti <i>Associated Board</i>	ÝMSIR Tuned Percussion, Pieces and Scales, 2. hefti <i>Guildhall School of Music and Drama</i>
JOLLIFF, ART Music for Marimba, 2. hefti <i>Rubank</i> Solos for Marimba, 1. hefti <i>Belwin Mills</i>	
MCCORMICK, ROBERT Percussion for Musicians <i>Belwin Mills</i>	

### Miðpróf

Við lok miðnáms skulu nemendur þreyta miðpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á miðprófi í leik á ásláttarhljóðfæri skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu, þar af skal a.m.k. eitt verk eða æfing leikið á hvert hinna þriggja aðalhljóðfæra þessa námsáfanga, þ.e. sneriltrommu, ásláttarhljómborð og pákur. Aðrir prófþættir eru undirstöðuæfingar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Miða skal við að heildarpróftími á miðprófi á ásláttarhljóðfæri fari ekki fram yfir 45 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

### Prófþættir eru þessir:

1. Þrjú ólík verk (15 einingar hvert).
2. Æfing (15 einingar).
3. Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar (15 einingar).
  - a) Undirstöðuæfingar.
  - b) Tónstigar og hljómar.
4. Val (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
  - b) Spinni einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks.
  - c) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - d) Hljómsetji stutta laglínu óundirbúð.
  - e) Leiki á trommusettt verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og miðprófsverkefni í námskrá í rytmískri tónlist.
5. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar).
  - a) Viðfangsefni á sneriltrommu.
  - b) Viðfangsefni á ásláttarhljómborð.
6. Heildarsvipur (5 einingar).

Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43.

Á miðprófi er heimilt að leika eitt til tvö verk fyrir samþætt slagverk (skv. prófþætti 1 og/eða 4). Eftir sem áður gilda framangreindar kröfur um að á miðprófi leiki allir nemendur á sneriltrommu, ásláttarhljómborð og pákur.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á miðprófi, valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfærisins. Síðan eru birt fyrirmæli um leikmáta þeirra undirstöðuæfinga, tónstiga og hljóma sem krafist er til prófs.

### Tónverk og æfingar

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á miðprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

**Dæmi um verk - trommur****TRINOTE**

Úr: O'Reilly, John: Solos for the Percussion Player, bls. 14  
*Schirmer*

**Nr. 31**

Úr: Peters, Mitchell: Intermediate Snare Drum Studies, bls. 43  
*Mitchell Peters*

**Dæmi um verk - pákur****Etýða nr. 19**

Úr: Peters, Mitchell: Fundamental Method for Timpani  
*Alfred*

**Mazurka**

Úr: Wright, Ian: Graded Music for Timpani  
*Associated Board*

**Dæmi um verk - ásláttarhljómborð****BACH, J. S.****Bourrée**

Úr: McCormick, Robert: Percussion for Musicians  
*Belwin Mills*

**WIENER, RUUD****Solo nr. 9**

Úr: Children's Solos 6-10  
*Rawi Percussion Publications*

**Dæmi um æfingar - trommur****Æfing nr. 52**

Úr: Hochreiner, R.: Übungen für kleine Trommel  
*Doblinger*

**Dæmi um æfingar - ásláttarhljómborð****Nr. 100 - Allegretto**

Úr: Bona, Pasquale: Rhythmical Articulation  
*Carl Fischer*

**Dæmi um æfingar - pákur****Etýða nr. 28**

Úr: Hochrainer, Richard: Etüden für Timpani, 1. hefti  
*Doblinger*

**Undirstöðuæfingar**

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þær æfingar sem leiknar eru.

**Efni, leikmáti og hraði****Nemandi leiki**

- flam paradiddlediddle eigi hægar en M.M. ♩ = 156, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- double paradiddle eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- ratamacue eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu sextándapartsþríólur
- flam tap eigi hægar en M.M. ♩ = 72, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- flam accent eigi hægar en M.M. ♩ = 84, miðað við að leiknar séu áttundapartsþríólur
- flamacue eigi hægar en M.M. ♩ = 112, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- flamadiddle eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- ellefu- og þrettán slaga þyrl eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarspartsnotur

**Tónstigar og hljómar**

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

**Efni****Nemandi geti leikið**

- krómatískan tónstiga
- dúrtónstiga, hljómhæfa og laghæfa molltónstiga til og með fimm formerkjum
- dúr- og mollþríhljóma til og með fimm formerkjum

**Leikmáti og hraði****Nemandi leiki**

- tónstiga og hljóma tvær áttundir upp frá neðsta mögulega grunntóni, tvær áttundir þar sem hægt er, annars upp á hæsta mögulegan hljómton og niður á grunntón aftur




- tónstiga og hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 78, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar

Dæmi

F-dúr



a-moll, hljómhæfur



## Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfangað að ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil fjórum árum. Í einstaka tilvikum kann að vera unnt að ljúka náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

## Markmið í framhaldsnámi

Uppbygging kennslu í framhaldsnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða

einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok framhaldsnáms eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu samkvæmt þessari námskrá
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á ásláttarhljómborð samkvæmt þessari námskrá, þ.m.t. marimbu eða víbrafón, sílófón og klukkuspil
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á pákur samkvæmt þessari námskrá
- hafi kynnst öllum helstu hljómsveitarhljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig
- hafi náð öruggri og þroskaðri tónmyndun á viðkomandi hljóðfæri
- ráði yfir viðeigandi dempunartækni hljómandi hljóðfæra
- leiki með greinilegum styrkleika- og hraðabreytingum
- hafi góð tök á inntónun pákna, sem og stillingu hljóðfæra án ákveðins tóns
- hafi öðlast leikni í að leika á mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verkefni
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins
- hafi öðlast umtalsverða reynslu í flutningi verka fyrir samþætt slagverk, þ.e. mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verki
- skilji allar bendingar hljómsveitarstjóra og geti fylgt þeim af nákvæmni
- kunni vel skil á mismunandi sleglum
- hafi góð tök á að leika á ásláttarhljómborð með fjórum sleglum samtímis
- hafi hlotið þjálfun og öðlast verulega reynslu í að velja viðeigandi hljóðfæri og slegla eftir viðfangsefnum, samhengi og fyrirsmælum

- hafi mjög góðan skilning á hentugri uppstillingu og staðsetningu ásláttarhljóðfæra eftir aðstæðum hverju sinni
- hafi hlotið verulega þjálfun í að stilla ásláttarhljóðfærum upp á hentugan máta miðað við aðstæður hverju sinni
- hafi öðlast reynslu af að meta hljóðfærapörf og fjölda hljóðfæraleikara eftir tónverkum sem og að deila hlutverkum milli hljóðfæraleikaranna
- hafi öðlast skilning á gerð og uppbyggingu algengustu ásláttarhljóðfæra og hlotið þjálfun í algengustu viðhaldspáttum

#### Nemandi

- hafi öðlast mjög gott hrynskyn
- hafi mjög gott vald á sveigjanleika í hraða og hryn
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við á miðprófi
- hafi fengið reglulega þjálfun í að leika utanbókar
- hafi hlotið þjálfun í ýmiss konar samleik
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt framhaldsnámsskafla þessarar námskrár
- hafi aukið leikni sína í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt grunn- og miðnámskafla þessarar námskrár
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga og hljóma samkvæmt þessari námskrá

#### Nemandi sýni með ótvíræðum hætti

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Verkefnalisti í framhaldsnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í framhaldsnámi. Í fyrsta lagi eru viðfangsefni fyrir trommur, í öðru lagi fyrir pákur

og í þriðja lagi eru birt sýnishorn viðfangsefna á ásláttarhljómborð. Listarnir eru alls ekki tæmandi og er þeim einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu hljóðfæranámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig verkefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf framhaldsnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Hver listi er tvískiptur: annars vegar æfingar og hins vegar tónverk. Auk þess er birtur stuttur listi með útdráttum úr hljómsveitarverkum. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda og útgefanda getið fyrir neðan titil verks eða bókar. Í einstaka tilfellum kunna hlutar kennslubóka eða tónverka að vera léttari eða erfiðari en hæfir þessum námsáfanga. Af þessari ástæðu er sömu viðfangsefna einnig í nokkrum tilvikum getið í fleiri en einum áfanga.

#### Æfingar - trommur

CIRONE, ANTHONY Portraits in Rhythm <i>Belwin Mills</i>	LYLLOFF, BENT Aarhus etude no. 9 [sneriltromma] <i>Wilhelm Hansen</i>
DELÉCLUSE, JACQUES Douze Études pour Caisse Claire <i>Leduc</i>	PETERS, MITCHELL Advanced Snare Drum Studies <i>Mitchell Peters</i>
FIRTH, VIC The Solo Snare Drummer <i>Carl Fischer</i>	SCHINSTINE, WILLIAM J. Adventures in Solo Drumming <i>Southern Music Company</i>

#### Tónverk - trommur

ABEL, ALAN Jennifers Jog <i>Permus Publications</i> 2040's Sortie <i>Ludwig Music</i>	COLGRASS, MICHAEL Six Unaccompanied Solos for Snare Drum <i>Lawson/Gould</i>
ÁSKELL MÁSSON Prím <i>Editions Bim</i>	DELÉCLUSE, JACQUES Test Claire <i>Leduc</i>
BELLSON, LOUIE Six Solos for Snare Drum <i>Southern Music Company</i>	FINK, SIGFRIED Sonate für kleine Tromme <i>Simrock</i>
BURNS, R. / FELDSTEIN, S. Advanced Percussion Solos, 1. hefti <i>H. Adler, Inc.</i>	GAUGER, THOMAS Snare Drum Solo 1 <i>Music for Percussion Inc.</i>

GOLDENBERG, MORRIS  
Studies in Solo Percussion,  
seinni hluti  
*Chappell*

HATHWAY, K. / WRIGHT, I.  
Graded Music For Snare Drum,  
3. og 4. hefti  
*Associated Board*

KENDLE, J. / BARTLETT, K. /  
WILSHERE, B.  
Percussion World, Snare Drum  
*United Music Publishers*

MARKOVICH, MITCH  
The Winner  
*Creative Music*

MCCORMICK, ROBERT  
Aggressively  
*Kendor*

PAYSON, AL  
The Snare Drum in the Concert Hall  
*Payson Percussion Products*

PETERS, MITCHELL  
Introduction and Waltz  
[4 tom-tom trommur + hangandi sýmball]  
*Mitchell Peters*

PRICE, PAUL  
Exhibition Snare Drum Solo No. 1  
*Music for Percussion*

SKINNER, MICHAEL  
Snare Drum, Graded Repertoire  
and Studies, Grades 6 to 8  
*Guildhall School of Music and  
Drama*

UDOW, M. W. / WATTS, CH.  
The Contemporary Percussionist  
*Meredith Music Publications*

WHALEY, GARWOOD  
Essay For Snare Drum  
*Meredith Music Publications*  
Three Movements for Two Drums  
*Meredith Music Publications*

WHALEY, G. / MOONEY, J. M.  
Rhythmic Patterns of Contemporary  
Music  
*J. R. Publications*

### Æfingar - pákur

GOODMAN, SAUL  
Modern Method for Timpani,  
seinni hluti  
*Mills Music*

HOCHREINER, RICHARD  
Etüden für Timpani, 2. hefti  
*Doblinger*

WOUD, NICK  
Musical Studies for Pedal Timpani  
*Abile Music*

### Tónverk - pákur

CARTER, ELIOT  
Eight Pieces for Timpani  
*Associated Music Publishers*

FIRTH, VIC  
Solo Impression for 2 Timpani  
[pákur + pianó]  
*Carl Fischer*

GOODMAN, SAUL  
Introduction and Allegro  
[einleiksverk fyrir 3 pákur]  
*Mills Music Inc.*

PETERS, MITCHELL  
Scherzo for 3 Timpani  
*Mitchell Peters*

WEINBERGER, JAROMIR  
Konsert fyrir pákur  
[með 4 trompetum og 4 básúnum]  
*Schirmer/Associated Music  
Publishers*

WOUD, NICK  
Symphonic Studies for Timpani  
*De Haske*

### Æfingar - ásláttarhljómborð

BAILEY, ELDEN „BUSTER“  
Mental and Manual Calisthenics  
for the Modern Mallet Player  
*Award Music Co.*

BONA, PASQUALE  
Rhythmical Articulation  
*Carl Fischer*

CIRONE, ANTHONY J.  
The Orchestral Mallet Player  
*Belwin Mills*  
Portraits in Melody  
*Belwin Mills*

GOLDENBERG, MORRIS  
Modern School for Xylophone,  
Marimba, Vibraphone  
*Chappell*

PETERS, MITCHELL  
Fundamental Method for Mallets  
*Alfred*

STEVENS, LEIGH HOWARD  
Method of Movement for Marimba  
*Percussion Publications*

### Tónverk - ásláttarhljómborð

ASABUKI, EYICHI  
Water Drops  
[marimba + pianó]  
*Studio 4 Productions*

BREUER, HARRY  
5 new Ragtime Solos  
[marimba/silófónn + pianó]  
*Lang Percussion Co.*

BURTON, GARY  
6 unaccompanied Solos for  
Vibraphone  
*Creative Music*

DIEMER, EMMA LOU  
Toccata for Marimba  
*Music for Percussion*

ERVIN, KAREN  
Contemporary Solos for 3 and 4  
Mallets  
*Award Music Co.*

FINK, SIEGFRIED / WREDE, OTTO  
Concertino für Vibraphone  
[vibrafónn + pianó]  
*Regina Verlag*

FINKEL, IAN  
Solos for the Vibraphone Player  
*Schirmer*

FRIEDMAN, DAVID  
Mirror from Another  
Úr: Mirror from Another  
[einleiksverk fyrir vibrafónn]  
*Belwin Mills*  
Vienna  
Úr: Mirror from Another  
[einleiksverk fyrir vibrafónn]  
*Belwin Mills*

GASTYNE, SERGE DE  
Black is the Color of my true  
Love's Hair  
[marimba/vibrafónn]  
*Fereol Publ.*

GLENTWORTH, MARK  
Blues for Gilbert  
*Zimmerman*

KUZELL, CHRISTOPHER  
Six little Pieces for the Marimba  
*Mitchell Peters*

LANG, MICHAEL  
Suite  
[vibrafónn]  
*Southern Music Company*

LEPAK, ALEXANDER  
Suite for Solo Vibraphone  
*Windsor Music Publications*

MASLANKA, DAVID  
My Lady White  
[marimba]  
*Marimba Productions*

MOLENHOF, BILL  
Vibe Songs  
*Belwin Mills*  
A Dancer at Heart  
[marimba + pianó]  
*Kendor*

O'REILLY, JOHN  
Solos for the Percussion Player  
[pianóundirleikur]  
*Schirmer*

PETERS, MITCHELL  
 Refractions  
 [marimba]  
*Mitchell Peters*  
 Zen Wanderer  
 [marimba]  
*Mitchell Peters*

PETERS, MITCHELL  
 Theme & Variations  
 [marimba + pianó]  
*Mitchell Peters*

PITFIELD, THOMAS B.  
 Sonata for Xylophone Solo  
*Peters*

SCHINSTINE, WILLIAM J.  
 Musical Marimba Solos  
*Permus Publications*

STEINER, GITTA  
 Contemporary Solos for Vibraphone  
 and Marimba  
*Belwin Mills*

STENSGAARD, KAI  
 I skovens dybe stille ro  
 [marimba]  
*Marimpercussion*

STOUT, GORDON  
 Andante and allegro  
 [marimba + pianó]  
*Studio 4 Productions*

TCHAIKOVSKY, P. I. / STEVENS, L. H.  
 The Doll's Burial - Album for the  
 Young  
 [marimba]  
*Studio 4 Productions*

### Tónverk – samþætt slagverk

KRAFT, WILLIAM  
 French Suite  
*Wolt/Mills Music*  
 Morris Dance  
*Avant Music*

### Útdrættir úr hljómsveitarverkum

ABEL, ALAN  
 Twentieth Century Orchestra  
 Studies for Percussion  
*Schirmer*

GOLDENBERG, M.  
 Classic Overtures for Timpani  
*Chappell*  
 Classic Symphonies for Timpani  
*Chappell*  
 Modern School for Snare Drum  
*Chappell*  
 Modern School for Xylophone,  
 Marimba, Vibraphone  
*Chappell*

HATHWAY, KEVIN  
 Orchestral Excerpts for  
 Percussion, 1. hefti  
 [ásláttarhljómborð]  
*Woodsmoore Press*  
 Orchestral Excerpts for  
 Percussion, 2. hefti  
 [sneriltromma]  
*Woodsmoore Press*

PAYSON, A.  
 Techniques of playing Bass Drum,  
 Cymbals and accessories  
*Payson Perc. Prod.*

PETERS, M. / BLACK, D.  
 Cymbals; A Crash Course  
*Alfred*

### Framhaldspróf

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Prófið er þrjúþætt; hljóðfærapróf, tónleikar og tónfræðapróf. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna um-

fjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Umfjöllun um tónleika við lok framhaldsnáms er að finna á bls. 41–42 í sama riti. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Á framhaldsprófi í leik á ásláttarhljóðfæri skal nemandi leika þrjú verk, útdrætti úr hljómsveitarverkum og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru undirstöðuæfingar fyrir sneriltrommu, tónstigar og hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Miða skal við að heildarpróftími á framhaldsprófi á ásláttarhljóðfæri fari ekki fram yfir 60 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

### Prófþættir eru þessir:

- Þrjú ólík verk** (12 einingar hvert).
  - Verk fyrir ásláttarhljómborð.
  - Verk fyrir a.m.k. þrjár pákur.
  - Verk fyrir samþætt slagverk.
- Æfing fyrir sneriltrommu** (12 einingar).
- Útdrætti úr hljómsveitarverkum** (12 einingar).
- Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar** (15 einingar).
- Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
  - Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
- Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
  - Viðfangsefni á sneriltrommu.
  - Viðfangsefni á ásláttarhljómborð.
- Heildarsvipur** (5 einingar).

Ekki er gert ráð fyrir að leikið sé á trommusett á framhaldsprófi.

Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 44.

**Tónverk, útdrættir úr hljómsveitarverkum og æfingar**

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á framhaldsprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

**Dæmi um tónverk – ásláttarhljómborð**

MUSSER, CLAIR OMAR  
Etyða op. 11 nr. 4  
[marimba]  
Studio 4 Produktions

GLENTWORTH, MARK  
Blues for Gilbert  
Zimmerman

**Dæmi um tónverk – pákur**

Nr. 1  
Úr: Woud, Nick: Symphonic  
Studies for Timpani  
De Haske

PETERS, MITCHELL  
Scherzo for 3 Timpani  
Mitchell Peters

**Dæmi um tónverk – samþætt slagverk**

KRAFT, WILLIAM  
French Suite  
Wolf/Mills Music

KRAFT, WILLIAM  
Morris Dance  
Avant Music

**Dæmi um æfingar**

Etyða nr. 32  
Úr: Cirone, Anthony: Portraits in  
Rythm  
Belwin Mills

PETERS, MITCHELL  
Etyða nr. 22  
Úr: Advances Snare Drum Studies  
Mitchell Peters

**Útdrættir úr hljómsveitarverkum**

PROKOFIEV, S.  
Pétur og úlfurinn  
[sneriltromma]

BIZET, G.  
Habanera úr Carmen  
[tambúrína]

MOZART, W. A.  
Tófraflautan, forleikur  
[pákur]

BRAHMS, J.  
4. sínfónía, 3. kafli: Scherzo  
[þrihorn]

TCHAIKOVSKY, P. I.  
Rómeó og Júlía, forleikur  
[bassatromma og sýmbalar]

KACHATURIAN, ARAM  
Sabre Dance  
[silófónn]

**Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar**

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þær undirstöðuæfingar sem leiknar eru.

**Efni, leikmáti og hraði**

Nemandi leiki

- drag tap, einfalt og tvöfalt, eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- drag paradiddle eigi hægar en M.M. ♩ = 180, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- Swiss Army Triplet eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu áttundapartsþríólur
- Exercise nr. 25 M.M. ♩ = 120
- öll þyrl frá fimm til sautján slaga eigi hægar en M.M. ♩ = 112, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarspatsnótur

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

**Efni**

Nemandi geti leikið

- krómatískan tónstiga
- alla dúrtónstiga, hljómhæfa og laghæfa molltónstiga
- alla dúr- og mollþrihljóma
- forsjöundarhljóma frá hvaða tóni sem er
- minnkaða sjöundarhljóma frá hvaða tóni sem er
- stækkaða þrihljóma frá hvaða tóni sem er

**Leikmáti og hraði**

Nemandi


- leiki tónstiga og hljóma upp frá neðsta mögulega grunntóni, þrjár áttundir þar sem hægt er, annars upp á hæsta mögulegan hljómtón og niður á neðsta mögulegan hljómtón og upp á grunntón aftur




- leiki tónstiga og brotna hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar

Dæmi

Forsjöundarhljómur frá f



Minnkaður sjöundarhljómur frá fis



Stækkaður þríhljómur frá f



## Samleikur

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar um samleiksverk sem gætu reynst notadrjúg í kennslu. Verkin eru flokkuð í þrennt: verk fyrir grunnám, miðnám og framhaldsnám, allt eftir því á hvaða námsáfangi þau henta best. Innan hvers hluta eru verkin flokkuð eftir hljóðfærum og fjölda flytjenda og síðan raðað eftir stafrófsröð höfundar. Útgefenda er getið með sama hætti og annars staðar í námskránni.

## Grunnám

- DELÉCLUSE, JACQUES**  
Rytmus I et II  
[4 slagverkshljóðfæri án tiltekins tóns og að vali flytjenda]  
*Leduc*
- GOLDENBERG, MORRIS**  
Snare Drum for Beginners  
[2 sneriltrommur]  
*Chappell*

- LEFEVER, MAXINE**  
Sixteens for Snares  
[2 sneriltrommur]  
*Southern Music Company*

- SCHINSTINE, WILLIAM J.**  
Four hands a-round, easy  
[ýmis hljóðfæri]  
*Southern Music Company*

## Miðnám

- BUGGERT, R. W.**  
Flinging it Threefold  
[3 sneriltrommur]  
*Rubank*  
Drummers Canzonetta  
[3 sneriltrommur]  
*Rubank*  
Two of Us  
[2 sneriltrommur]  
*Rubank*  
We Three  
[3 sneriltrommur]  
*Rubank*

- DELÉCLUSE, JACQUES**  
Trisnar  
[3 sneriltrommur]  
*Leduc*

- SHINSTINE, WILLIAM J.**  
Drumming Together, 30 Original Snare Drum Duets  
*Southern Music Company*  
Four hands a-round, advanced  
*Southern Music Company*

- CAGE, JOHN**  
Trio for 3 Percussion Players  
*Henmar Press*

- SHINSTINE, W. J. / HOEY, F. A.**  
Drum Tunes, 2. hefti  
*Southern Music Company*

- DELÉCLUSE, JACQUES**  
Rytmus III  
[4 slagverkshljóðfæri án tiltekins tóns og að vali flytjenda]  
*Leduc*

- VANAMAKER, JAY**  
Alfred's Rudimental Duets for Intermediate Snare Drummers  
*Alfred*

## Framhaldsnám

- BLOUNT, ROBERT**  
You and I  
[2 sneriltrommur]  
*Carl Fischer*

- CAGE, JOHN**  
Forever and Sunsmell  
[ródd + 2 slagverksleikarar]  
*Henmar Press*  
Credo in US  
[píanó + 3 slagverksleikarar]  
*Henmar Press*

- DELÉCLUSE, JACQUES**  
A la Manière de...  
[sneriltromma + píanó]  
*Leduc*

- KAGEL, MAURICIO**  
Rrrrrr...  
[sex slagverksdúettar]  
*Litolff/Peters*

## Bækur varðandi ásláttarhljóðfæri

Eftirfarandi skrá er ætlað að veita ábendingar um áhugaverðar og gagnlegar bækur varðandi sögu, smíði og þróun ásláttarhljóðfæra, tónbókmenntir, tónskáld, leikmáta, flytjendur og kennslu.

Blades, James: Percussion instruments and their history, The Bold Strummer Ltd. 1992, (endurskoðuð útgáfa) Faber 1997

Blades, James/Montagu, Jeremy: Early Percussion Instruments: From the Middle Ages to the Baroque, Oxford University Press 1976

Bonfoey, Mark P.: Percussion repair and maintainance, Belwin Mulls Publication Corporation 1986

Facchin, Guido: Le Percussione, EDT edizione di Torino 2000

Locke, David: Drum Gahu, The Rythms of West African Drumming, White Cliffs Media Company 1987

Munrow, David: Instruments of the Middle Ages and the Renaissance (ásamt hljóðritum), Oxford University Press/EMI 1976

Peinkofer, Karl/Tannigel, Fritz: Handbook of Percussion Instruments, Schott 1969, European Amer music Dist. Corp. 1976

Siwe, Thomas (ritstjóri): Percussion Solo Literature, Media Press Inc. 1995

Smith Brindle, Reginald: Contemporary Percussion, Oxford Unirversity Press 1992

## Vefslóðir

<http://www.xs4all.nl/~marcz/>

<http://www.pas.org/>

<http://www.rhythmweb.com/>







## Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólum

- Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og að þeir fylgist með framvindu þess.
- Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangur rýr.
- Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafa ekki á tilfinningunni að þeir truflfi aðra.
- Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímann.
- Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur.
- Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.
- Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.
- Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.



**Menntamálaráðuneytið**